



# **Fundargerð**

**30. aðalfundar**

**Sorpstöðvar Suðurlands 2011**

**haldinn 28. október 2011 í Vík**

## Aðalfundarstörf

### 1. Setning

Gunnar Egilsson, formaður, setti fundinn.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Elínu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Ásthildi Lárusdóttur og Kolbrúnu Möggu Matthíasdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

### 3. Kosning í kjörbréfa og kjörnefnd og fjárhagsnefnd

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar APS að kjörbréfa- og kjörnefnd og fjárhagsnefnd:

#### Kjörbréfa- og kjörnefnd

##### Aðalmenn

Jóna Sigurbjartsdóttir formaður

Gunnar Þorgeirson

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Grettisson

Ísólfur Gylfi Pálmason

Ari Björn Thorarensen

Ásgrímur Ingólfsson

Skaftárhreppi

Grímsnes- og Grafningshreppi

Hveragerðisbæ

Vestmannaeyjabæ

Rangárþingi eystra

Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélaginu Hornafirði

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

### 4. Skýrsla stjórnar

Gunnar Egilsson formaður, flutti skýrslu stjórnar, greindi hann frá því að 13 fundir voru haldnir á liðnu ári auk 3 stefnumótunarfunda. Lýsti hann vonbrigðum með afgreiðslu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfus vaðandi urðunarstað við Kirkjuferjuháleigu. Einnig kom fram að í svæðisáætlun að árið 2020 myndi ekkert sorp verða urðað, og að flokkun sorps er að aukast um allt land. Tveir valkostir eru í stöðunni varðandi sorpvinnslu á Suðurlandi, annar er að sameinast Sorpu en hinn að sameinast Sorpstöð Rangárvallasýslu og urða sorp á Strönd.

Að lokum þakkaði formaður það traust sem honum hefur verið sýnt ásamt því að þakka stjórn, varastjórn og starfsmönnum fyrir gott samstarf.

### 6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Guðmundur Tryggvi Ólafsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra í máli hans kom fram að 11 sveitarfélög standa að baki SOS. Gjaldskrá var hækkuð á árinu og er nú 2,78 kr/kg. Urðunarsvæðinu á Kirkjuferjuháleigu hefur verið lokað og búið að ganga þar frá, eftirlit og mælingar eru gerðar þar reglulega. Fram kom í máli Guðmundar Tryggva að endurvinnsla á árinu var um 45%, einnig sýndi hann magntölur sorps á hvert sveitarfélag og heimili. Guðmundur Tryggi fjallaði um grænt bókhald sem Sorpstöð Suðurlands færir, og einnig um búnað Sorpu sem flokkar járn vélrænt svo og nýjan búnað sem flokkar pappann sem m.a er flokkaður í bláar tunnur. Einnig kynnti hann Orkugerðina, fyrirtæki sem er í eigu sláturleyfishafa og SOS einnig nefndi hann nauðsyn þess að fá færanlega brennslu. MAST hefur í samstarfi við Umhverfisstofnun sótt um styrki til kaupa á tveimur færanlegum brennslugámum.

## 7. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Gunnar Þorgeirsson, varaformaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa og eru 7 aðalmenn og 2 varamenn mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 8. Afgreiðslumál

### i) Ársreikningur 2010

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning fyrir árið 2010. Tekjur voru 83.037 m.kr. og rekstrargjöld 119.562 og því tap af rekstri SOS 28.281 milljónir.

### ii) Tillaga að fjárhagsáætlun

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 sem gerir ráð fyrir tekjum og gjöldum að upphæð 98,7 milljónum króna.

### iii) Tillaga að gjaldskrá 2012

Guðmundur Tryggvi Ólafsson lagði fram þá tillögu að umsýslugjald sem lagt er á sorp sem fer til urðunar verði 4 kr/kg.

Fundarstjóri gaf orðið laust

Til máls tóku Ólafur Örn Ólafsson, Margrét Sigurðardóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Drífa Kristjánsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Egilsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Fundarstjóri bar upp skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, ársreikning, fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá. Samþykkt samhljóða nema tillagan að gjaldskrá þar sem Margrét Sigurðardóttir greiddi atkvæði gegn hækkuninni.

## 9. Almennar umræður

Til máls tóku: Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðmundur Tryggvi Ólafsson

## 10. Kosningar

### i) Kosning 3 fulltrúa í stjórn SOS og 3 varamanna

Gunnar Þorgeirsson formaður kjörbréfa- og kjörnefndar lagði fram eftirfarandi tillögu kjörnefndar að stjórn SOS:

#### Aðalmenn:

Gunnar Egilsson, formaður

Árborg

Gunnar Þorgeirsson, varaformaður

Grímsnes og Grafningshreppi

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Rangárþing ytra

Ari Thorarensen

Árborg

Aldís Hafsteinsdóttir

Hveragerði

#### Varamenn:

Sveinn Steinarsson

Sveitarfélaginu Ölfus

Gunnsteinn Ómarsson

Rangárþingi ytra

Eyþór Arnalds  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir

Árborg  
Árborg  
Flóahreppi

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða

ii) **Kosning 2 skoðunarmanna ársreikninga og 2 varamanna**

**Aðalmenn**

Guðmundur Þór Guðjónsson  
Drífa Kristjánsdóttir  
Varamenn  
Egill Sigurðarson  
Sandra Dís Hafþórsdóttir

Hveragerði  
Bláskógabyggð  
Ásahreppi  
Sveitarfélaginu Árborg

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða

Formaður þakkaði fyrir og sleit fundi.